

Skrifstofa Alþingis
Velferðarnefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 7. júní 2018


Tilvísun: 2018061054ÞS/--

Persónuvernd vísar til fundar með velferðarnefnd Alþingis hinn 30. maí 2018 þar sem til umræðu var frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál (pskj. 675, 469. mál á 148. löggjafarþingi). Á fundinum kom fram að nefndin hefði til athugunar 2. mgr. tillögu 4. gr. frumvarpsins að nýrri grein í lögnum, 6. gr. a, um heimild Íbúðalánasjóðs til að krefja stjórnvöld og stofnanir um gögn og upplýsingar um húsnæðismarkaðinn. Persónuvernd áréttar það sem fram kom á fundinum um að þar sem ákvæðið tilgreinir ekki persónuupplýsingar sérstaklega getur það ekki falið í sér heimild til vinnslu slíkra upplýsinga umfram það sem heimilt myndi vera í ljósi almennra reglna persónuverndarlöggjafarinnar, sbr. nú lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Að öðru leyti telur Persónuvernd ekki tilefni til athugasemda af tilefni umrædds frumvarps.

F.h. Persónuverndar,


Þórður Sveinsson


Helga Sigríður Þórhallsdóttir